



SAMKEPPNISSTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 127/1149
komudagur 12.3.2002

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. mars 2002.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2002, sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Samkeppnisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál. Umsögn stofnunarinnar er eftirfarandi:

1. Í síðustu mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að sé verð rafrænnar þjónustu gefið upp skuli sérstaklega tekið fram hvort afhendingarkostnaður og skattar séu innifaldir í verði. Samkeppnisstofnun vekur athygli á að í 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21, sem samkeppnisráð gaf út á árinu 1995, segir að uppgefið verð skuli vera endanlegt verð til kaupanda. Samkeppnisstofnun hefur fylgt þessu eftir og samkeppnisráð hefur t.d. bannað auglýsingar þar sem skattar eru ekki innifaldir í verði. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun gert athugasemdir við framsetningu verðs hjá netverslunum þar sem tilgreint verð hefur ekki innifalið ýmis aukagjöld. Stofnunin hefur þó talið nægilegt að afhendingarkostnaður sé tilgreindur sérstaklega. Þá er rétt að benda á að umboðsmenn neytenda á öðrum Norðurlöndum hafa sett fram sameiginlegar reglur um viðskipti og markaðsfærslu á Internetinu. Þar er í 3. gr. tekið fram að nauðsynlegt sé að tilgreint verð á vöru eða þjónustu innifeli öll gjöld. Til að koma í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um verðupplýsingar eftir því hvar þær birtast leggur Samkeppnisstofnun til að um verð rafrænnar þjónustu gildi sömu reglur og um aðra þjónustu, þ.e. að verð skuli ávallt innifela skatta.
2. Í athugasemdum um meginefni tilskipunar um rafræn viðskipti, II. kafla 6. lið, um viðskiptaorðsendingar, kemur fram að þjónustuveitendur, sem senda óumbeðnar orðsendingar, séu skyldugir til að kanna reglulega úrsagnarskrá þar sem þeir sem ekki hafa áhuga á að fá slíkan póst geti skráð sig. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000. Í 14. gr. þeirra laga er kveðið á um að hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands, um þá sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu, sé heimilt að senda honum einn óumbeðinn tölvupóst. Samkeppnisstofnun vekur athygli á að Hagstofa Íslands heldur ekki skrá yfir tölvunetföng og tekur ekki við tilkynningum neytenda sem ekki vilja fá sendan óumbeðinn tölvupóst. Af hálfu Hagstofunnar virðast heldur ekki uppi nein áform um að koma slíkri skráningu á

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569



Miðað við framangreint telur Samkeppnisstofnun að ákvæði 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins geti verið óframkvæmanlegt.

3. Samkeppnisstofnun vill jafnframt taka fram að verði stofnuninni falið eftirlit með lögum þeim sem frumvarp þetta fjallar um mun kostnaður við eftirlitið nema a.m.k. sem samsvarar hálfu starfsgildi, sbr. umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fram kemur sem fylgiskjal II við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar

Anna Birna Halldórsdóttir